

Garðabær
Pósthólf 40
212Garðabær

Reykjavík, 16. mars 2017
Tilvísunin: 1611023 / 05.02

Efni: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2017

Úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vorið 2017 er lokið. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og samþykkt að veita yður styrk að fjárhæð **kr. 9.950.000.- til: Bílastæði við upphaf gönguleiðar á Búrfell,- styrkur til að gera bílastæði við upphaf gönguleiða og bæta öryggi og aðgengi m.a. að Búrfelli, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár.**


Alls bárust 237 styrkumsóknir og hlutu 58 verkefni styrki að þessu sinni. Til úthlutunar voru tæplega 610 milljónir. Verkefnin sem hlutu styrki eru m.a. á sviði uppbyggingar nýrra ferðamannasegla til dreifingar á álagi, öryggismála, náttúruverndar og uppbyggingu innviða.

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða voru unnar skv. lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og reglugerðar nr. 20/2016 um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna styrkveitinga. Nánari upplýsingar um styrkúthlutanir má sjá á heimasíðu Ferðamálastofu, <http://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvaemdasjodur-ferdamannastada>.

Samningur vegna styrkveitingarinnar mun berast innan tíðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Undirskrift